

Fundarnúmer:	565
Dagsetning:	27.10.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

Dagskrá:

1. Drög að leigusamningi við Flugleiðahótel ehf.
2. Bréf Menningarráðs Norðurlands vestra.
3. Erindi Guðmundar H. Sigurðssonar, formanns USVH.
4. Erindi Grunnskóla Borgarfjarðar.
5. Umsóknir um starf í áhaldahúsi.
6. Minnispunktar frá samráðsfundi sveitarfélaga.
7. Fundargerð stjórnar SSNV frá 15. október sl.
8. Upplýsingar um refa- og minkaveiði 2003-2008.

Afgreiðslur:

1. Fram lögð drög að leigusamningi við Flugleiðahótel ehf. um rekstur sumarhótelis í húsnæði Grunnskóla Húnaþings vestra á Laugarbakka sumarið 2009. Byggðarráð samþykkir samningsdrögin og felur sveitarstjóra undirritun samningsins.
2. Fram lagt bréf Menningarráðs Norðurlands vestra þar sem tilkynnt er um kr. 750.000-styrk til Húnaþings vestra vegna útgáfu Sögu Hvammstanga 1938-1998, seinna bindi. Afhending styrksins fer fram þriðjudaginn 28. október nk. kl. 17:00 í Félagsheimilinu Hvammstanga.
3. Fram lagt bréf Guðmundar H. Sigurðssonar, formanns USVH. Í bréfinu er óskað eftir viðræðum við fulltrúa Húnaþings vestra um endurskoðun á samstarfssamningi milli USVH og Húnaþings vestra. Samþykkt að boða fulltrúa USVH á næsta fund byggðarráðs.
4. Fram lagt bréf Grunnskóla Borgarfjarðar vegna skólavistar nemanda. Byggðarráð felur sveitarstjóra afgreiðslu málsins.
5. Fram lagðar umsóknir um starf í áhaldahúsi. Byggðarráð felur forstöðumanni tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss að gera tillögu um ráðningu starfsmanns.
6. Til kynningar lagðir fram minnispunktar frá samráðsfundi sveitarfélaga sem haldinn var þann 17. október sl.
7. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 15. október sl.
8. Til kynningar lagðar fram upplýsingar um refa- og minkaveiði árin 2003-2008.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:35

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),

Heimir Ágústsson(sign.), P. Karl Eggertsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).